

70. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 10. janúar 2013, kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Reimar Sigurjónsson, Indriði Þóroddsson, Sigurður Ragnar Kristjánsson, Ævar Rafn Marinósson, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Sveitarstjóri óskar eftir því að bæta inn í dagskrá fundargerð Hafnarnefndar Langanesbyggðar sem lið 7 og hitt færast þá aftur sem því nemur.

Oddviti lagði það fyrir fundinn og það var samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 13.12.2012

Lögð fram til kynningar

2. Fundargerð fræðslunefndar dags. 05.12.2012

Lögð fram til kynningar

3. Fundargerð Umhverfis-og skipulagsnefndar dags. 07.01.2013

Liður eitt: Urðunarsvæði við Bakkafjörð – Deiliskipulag, skipulags- og matslýsing Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og matslýsingin verði kynnt almenningi og leitað verði umsagnar skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila. Tillaga umhverfis-og skipulagsnefndar samþykkt með 5 atkvæðum gegn 1.

Liður tvö: Farið yfir stöðuna á aðalskipulagi Langanesbyggðar. Skipulagsstofnun fer fram á að tekið verði út 5 ha athafnarsvæði við flugvöllinn. Skipulagsstofnun samþykkir ekki að hafa þetta 5 ha athafnarsvæði inni á aðalskipulaginu en er samþykk aðalskipulaginu að öðru leyti. Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að að þessir 5 ha athafnarsvæði verði teknir út úr aðalskipulaginu.

Sigurður Ragnar leggur fram eftirfarandi bókun varðandi lið 2 í fundargerð UST:

Ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með að tækifæri til samkomulags við landeiganda Syðra-Lóns um landsvæði undir leitar- og björgunarmiðstöð hafi ekki verið nýtt.

Tillaga Umhverfis-og skipulagsnefndar samþykkt með 4 atkvæðum og Sigurður Ragnar sat hjá ásamt einum öðrum. Sveitarstjóra falið að senda aðalskipulagið til skipulagsstofnunar.

4. Fundargerð Eypings dags. 21.11.2012

Lögð fram til kynningar.

5. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 12.12.2012

Lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð samtaka sjávarútvegsfélaga dags. 11.12.2012

Lögð fram til kynningar

7. Fundargerð Hafnarnefndar dags. 10.01.2013

Lögð fram til kynningar.

8. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

Sveitarstjóri fór yfir minnisblað vegna framkvæmda við íþróttahús.

Sveitarstjóri sagði frá flugslysæfingu sem á að vera á Þórshafnarflugvelli í apríl á vegum ÍSAVÍA.

Sigríður fór yfir kynningarfund sem hún sat með forsvarsmönnum strætó og Eyþings.

Reimar kom inn á að við ættum að vekja athygli á okkar aðstæðum varðandi læknisleysi og okkar samgöngu í samhengi við umræðuna um sjúkraflutningana.

Sigurður Ragnar spurði út í flugið til Þórshafnar hvenær núverandi fyrirkomulag renni út og sveitarstjóri sagði það vera áramótin 2013/2014. Fróðlegt að skoða hvað verið er að niðurgreiða strætóferðir og bera það saman við niðurgreiðslur vegna flugsins.

Spurt eftir samrekstrarsamningum við Svalbarðshrepp en það er ekkert að fréttu af honum.

Spurt eftir loftræstimálum í Grunnskólanum. Ekkert komið frá sérfræðingnum sem er að skoða það.

9. Erindi frá Marinó Jóhannssyni og Brynhildi Óladóttur.

Erindinu vísað til Landbúnaðarnefndar. Samþykkt með 5 atkvæðu og 1 sat hjá.

10. Bréf frá Fiskistofu vegna sjávarjarðarinnar Brimness.

Lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá Fiskistofu vegna sjávarjarðarinnar Skoruvíkur.

Lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Lionsklúbbi Húsavíkur.

Í bréfinu er verið að óska eftir 100 þús.kr. styrk til 4 ára vegna ókeypis ristaspjallunar fyrir einstaklinga sem eru 55 ára á árinu á svæði HÞ.

Tillaga lögð fram um að veita verkefninu styrk upp á 50 þúsund á ári til næstu 4 ára. Samþykkt með 5 atkvæðum og einn sat hjá.

13. Beiðni um styrk.

Óskað er eftir styrk að upphæð 45 þús. kr vegna verkefnisins bændur græða landið í Langanesbyggð

Lagt til að samþykkja þá upphæð, 45 þúsund krónur. Samþykkt samhljóða.

14. Bréf frá framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl 18:40